



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29.08.2016
1608006 IE

Efni: Umsögn um frv. til laga um stuðning við kaup á fyrstu íbúð.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur óskað eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til laga um stuðning við kaup á fyrstu íbúð, þskj. 1538, 818. mál, lþ. 145.

Jafnréttisstofa tekur undir nauðsyn þess að sérstaklega þurfi að styðja fólk við kaup á fyrstu íbúð. Í þessu frumvarpi er lagt til að fólki verði veitt heimild til þess að ráðstafa séreignarsparnaði til kaupa á fyrstu íbúð og/eða ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól óverðtryggðs láns sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð. Enn fremur yrði heimilt að ráðstafa séreignarsparnaði inn á höfuðstól verðtryggðs láns, sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð og sem afborgun inn á slíkt lán. Heimilt yrði að ráðstafa séreignarsparnaðinum í samfellt 10 ár með þeim hætti er greinir í 1. 2. gr. frumvarpsins.

Jafnréttisstofa gerir athugasemd við það að það liggja ekki neinar kyngreindar upplýsingar til grundvallar frumvarpinu. Í kafla 6. í athugasemdum með frumvarpinu, sem ber heitið „Mat á áhrifum“ segir að við mat á áhrifum frumvarpsins sé stuðst við greiningu sem Analytica hf. gerði. Fram kemur að gögnin sem lágu til grundvallar greiningunni hafi verið flokkuð eftir „hjúskaparstöðu, aldri, meðallaunum, meðalfjárhæð sparnaðar í séreign og því hvort viðkomandi sparar í séreign eða ekki“.

Náms- og starfsval hér á landi er mjög kynbundið og það er staðreynd að konur eru miklu fleiri í störfum þar sem greidd eru frekar lág laun. Er þar sérstaklega vísað til umönnunar- og kennslustarfa. Kynbundinn launamunur er einnig staðreynd. Konur eru einnig fleiri í hlutastörfum hérlendis og því ljóst að það er munur á milli kynjanna þegar kemur að því að afla lífeyrisréttinda og viðbótarlífeyrisréttinda. Vegna ólíkrar stöðu kynjanna á vinnumarkaði er það svo að fleiri konur en karlar sem eru komnar út af vinnumarkaði vegna aldurs hafa lítið milli handa.

Jafnréttisstofa telur að það þurfi að greina þær upplýsingar sem liggja til grundvallar frumvarpinu eftir kyni. Gæta þarf að því að í frumvarpinu felist ekki mismunun milli kynja, bein eða óbein, sjá skilgr. í 2. gr. jafnréttislaga nr. 10/2008. Er þá fyrst og fremst verið að líta til þess hvort skattahagræðið og möguleg eignamyndun nýtist öðru kyninu fremur en hinu. Einnig þarf að líta til þess hvort staða kvenna á efri árum gæti jafnvel



Jafnréttisstofa

orðið verri eftir að hafa ráðstafað viðbótarlífeyrissparnaði upp í fasteignakaup í 10 ár í stað þess að bæta eftirlaun á efri árum. Fasteignir eru ekki undanþegnar aðför eins og lífeyrissparnaður og því er slík eign ekki eins trygg, ef fjárhagserfiðleikar verða miklir, eins og viðbótarlífeyrissparnaður er.

Jafnréttisstofa svarar fúslega fyrirspurnum nefndarinnar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur